

Varnarmál

03 213

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Varnarmál

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Utanríkisráðuneytis

kt. 670269-4779

Reykjastræti 8, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Varnarmál er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga.

Starfsemin fellur undir málefnavið 04 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 9.026,5 milljónir og afkoma kr. -26,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 262,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.194,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innlétt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Varnarmála fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	8.871.400.000	6.492.500.000
Sala á vöru og þjónustu		16.560	0
Framlög, gjafir og aðrar tekjur		134.496.120	10.544.010
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	20.608.888	6.189.564
Tekjur samtals		9.026.521.568	6.509.233.574
Gjöld			
Tilfærslur		3.742.923.647	2.332.014.446
Laun og launatengd gjöld	3	937.835.707	661.333.809
Annar rekstrarkostnaður	4	4.351.188.559	3.387.497.945
Afskriftir og niðurfærslur	5	20.608.888	6.189.564
Gjöld samtals		9.052.556.801	6.387.035.764
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(26.035.233)	122.197.810
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		0	0
Fjármagnsgjöld		(267.738)	(279.631)
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif		0	954
	6	(267.738)	(278.677)
Afkoma ársins		(26.302.971)	121.919.133
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		927.220.676	351.533.579
Rekstrartilfærslur		(953.523.647)	(229.614.446)
		(26.302.971)	121.919.133

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Skammtímakröfur		847.948	2.451.555
Tengdir aðilar	7	1.026.002.410	743.067.159
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	168.041.944	183.197.725
Eignir samtals		<u>1.194.892.302</u>	<u>928.716.439</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	9	606.283.092	421.650.410
Tengdir aðilar	7	312.444.198	183.989.158
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		13.614.942	34.223.830
Skuldir samtals		<u>932.342.232</u>	<u>639.863.398</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		262.550.070	288.853.041
Eigið fé			
Hrein eign		262.550.070	288.853.041
Eigið fé samtals	10	<u>262.550.070</u>	<u>288.853.041</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.194.892.302</u>	<u>928.716.439</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	5.301.800.000	1.386.800.000	0	6.688.600.000
Fjáraukalög	775.700.000	1.400.000.000	0	2.175.700.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	6.077.500.000	2.786.800.000	0	8.864.300.000
Launabætur	4.500.000	2.600.000	0	7.100.000
Fjárveiting ársins	6.082.000.000	2.789.400.000	0	8.871.400.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	518.467.487	(229.614.446)	(148.973.895)	139.879.146
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	6.600.467.487	2.559.785.554	(148.973.895)	9.011.279.146
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(5.154.779.324)	(3.742.923.647)	(5.453.107)	(8.903.156.078)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	1.445.688.163	(1.183.138.093)	(154.427.002)	108.123.068

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	168.041.944	183.197.725
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(154.427.002)	(148.973.895)
	13.614.942	34.223.830

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2025 2024

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga	8.871.400.000	6.492.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	20.608.888	6.189.564
	8.892.008.888	6.498.689.564

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	5.301.800.000	1.386.800.000	0	6.688.600.000
Fjárukaalög	775.700.000	1.400.000.000	0	2.175.700.000
Launabætur	4.500.000	2.600.000	0	7.100.000
Fjárveiting til tekna	6.082.000.000	2.789.400.000	0	8.871.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(5.154.779.324)	(3.742.923.647)	0	(8.897.702.971)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	927.220.676	(953.523.647)	0	(26.302.971)

2025 2024

3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	733.245.814	549.136.715
Breyting á áföllum orlofi	52.658.165	1.159.191
Launatengd gjöld	148.751.900	109.397.110
Samtals launakostnaður	934.655.879	659.693.016
Starfsmannakostnaður	3.179.828	1.640.793
	937.835.707	661.333.809

Meðalfjöldi stöðugilda	41,1	22,2
------------------------------	------	------

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	125.166	6.375
Byggingarvörur, almennar	0	490.407
Ýmis tæki og áhöld	344.344	280.621
Orkugjafar	3.716.363	3.786.097
Matvæli	2.172.951	554.399
Almennar rekstrarvörur	6.452.314	935.545
Vörukaup, almenn	12.811.138	6.053.444
Ýmsar sérgreindar vörur	114.372	0
Vörukaup, sérgreind	114.372	0
Fundur, námskeið, risna	41.834.137	26.203.268
Ferðir, uppihald	118.283.665	72.573.116
Akstur	4.707.069	3.280.524
Sérfræðiþjónusta	42.406.421	28.066.469
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	117.869	107.002
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	9.500	4.277.748
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	16.484.671	2.235.867
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	223.843.332	136.743.994

Skýringar

	2025	2024
4 Annar rekstrarkostnaður (frh.)		
Samningsbundin kaup og leiga	3.225.152.086	2.807.910.703
Afnotagjöld	70.849.239	1.447.435
Leigugjöld	83.006.857	76.410.909
Verkkaup	1.274.664	982.195
Kostnaðarhlutdeild	733.525.035	357.757.033
Tryggingar, lögboðnar	378.789	192.232
Opinber gjöld	233.047	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	4.114.419.717	3.244.700.507
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>4.351.188.559</u>	<u>3.387.497.945</u>
5 Afskriftir og niðurfærslur		
Áhöld, tæki og búnaður	20.238.357	5.819.033
Farartæki og vélar	370.531	370.531
	<u>20.608.888</u>	<u>6.189.564</u>
6 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif	0	954
Dráttarvextir	(267.738)	(279.631)
	<u>(267.738)</u>	<u>(278.677)</u>
	31.12.2025	31.12.2024
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.026.002.410	743.067.159
Skuldir við tengda aðila	(312.444.198)	(183.989.158)
	<u>713.558.212</u>	<u>559.078.001</u>

Skýringar

31.12.2025 31.12.2024

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	165.265.726	180.050.976
Farartæki og vélar	2.776.218	3.146.749
	<u>168.041.944</u>	<u>183.197.725</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	194.779.158	5.555.200	0	0	200.334.358
Viðbætur á árinu	5.453.107	0	0	0	5.453.107
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>200.232.265</u>	<u>5.555.200</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>205.787.465</u>
Afskriftir 01.01.2025	14.728.182	2.408.451	0	0	17.136.633
Afskrift ársins	20.238.357	370.531	0	0	20.608.888
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>34.966.539</u>	<u>2.778.982</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>37.745.521</u>
Staða 31.12.2025	<u>165.265.726</u>	<u>2.776.218</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>168.041.944</u>

31.12.2025 31.12.2024

9 Aðrar skuldir

Áfallið og ógreitt orlof	94.293.016	11.776.308
Viðskiptaskuldir	11.986.876	7.808.117
Ýmsar skuldir	500.003.200	402.065.985
	<u>606.283.092</u>	<u>421.650.410</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2025 31.12.2024

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	288.853.041	166.933.908
Afkoma ársins	(26.302.971)	121.919.133
Jöfnuður 31.12.	<u>262.550.070</u>	<u>288.853.041</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.